

Árt.-Trúarbragðafræði 6. bekkur

Kennarar: Birgitta Thorsteinson; Linda Björk Ingimarsd.

6

Markmið með þessari lotu er að:

vinna skv. aðalnámskrá grunnskóla.

Námsgögn sem við notum:

Ljós heimsins.

Kennsluhættir í lotunni:

Samræður, samlestur, hópavinna og upplýsingaöflun.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, endurgjöf, einstök verkefni metin, kannanir og próf.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf.
- Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
- Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.
- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.
- Borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Félagshæfni - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.

- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.